

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað
jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes í Akureyrarlögsagnarumdæmi fyrir það verð, sem um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. marz 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta
fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

2. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:
Aflgjald: 420.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald: 2 aurar fyrir hverja kWh.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksárs. Skal verðjöfnunargjaldið endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildartekjur af gjaldinu verði 70 milljónir króna.